



3. útgáfa 19.01.2017

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

# LUBRIZOL 9041F

Vörunúmer:

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Bætiefni í eldsneyti  
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

1.3 Söluaðili:

**N1**  
Dalvegur 10-14  
201 Kópavogur

**Framleiðandi:**

The Lubrizol Corporation  
29400 Lakeland Boulevard  
Wickliffe, OH 44092-2298, USA  
00-1-440-943-1200

Sími: 4401000

Netfang: [n1@n1.is](mailto:n1@n1.is)

Veffang: [www.n1.is](http://www.n1.is)

[EUSDS@lubrizol.com](mailto:EUSDS@lubrizol.com)

[www.lubrizol.com](http://www.lubrizol.com)

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H226	Eldfímur vökvi og gufa	Eldf. vökvi 3
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.	Eit. v. ásvelg. 1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H351	Grunað um að valda krabbameini	Krabb. 2
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv. eit. á vatn. 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

**HÆTTA**

Hættusetningar

H226 Eldfímur vökvi og gufa  
H304 Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.  
H315 Veldur húðertingu  
H336 Getur valdið sljóleika eða svima  
H351 Grunað um að valda krabbameini  
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar

P102 Geymist þar sem börn ná ekki til.  
P201 Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.  
P202 Nauðsynlegt er að lesa og skilja allar viðvaranir áður en efnið er notað.  
P260 Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.  
P271 Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.  
P273 Forðist losun út í umhverfið.  
P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughnlífur/andlitshlífur.  
P301+P310 EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.  
Framkallið ekki uppköst.

P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og látið hann hvílast í stellingu sem léttir öndun.
P308+P313	Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
P331	Framkallið ekki uppköst.
P332+P313	Ef efnið ertir húð: Leitið læknis.
P370+P378	Ef eldur kemur upp: Notið koldíoxíð, slökkviduft eða froðu til að slökkva eldinn.
P391	Safnið upp því sem hellist niður.
P403+P233	Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.
P405	Geymist á læstum stað.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

### 2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Leysinafta (úr jarðolíu), þungt, arómatískt;			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	70 - 80
Raðnúmer	649-424-00-3	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	265-198-5	H-setningar	-
CAS	64742-94-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Eit.v.ásvelg.1 - H304, Augnert.2 - H319, Langv.eit.á vatn H411			

1,2,4 trímetylbensen			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10 - 20
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	N, Xn
EINECS, ELINECS	202-436-9	H-setningar	H10, H20, H36/37/38, H51/53
CAS	-	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, Bráð eit.4 - H332, SEM-VES 3 - H335, Langv.eit.á vatn H411			

Naftalen			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	5 - 10
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	N, Xn
EINECS, ELINECS	202-049-5	H-setningar	H11, H22, H40, H50/53
CAS	-	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.fast efni 2 - H228, Bráð eit.4 - H302, Krabb.2 - H351, Bráð eit.á vatn - H400, Langv.eit.á vatn - H410			

2-Etylhexan -1-ól			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119487289-20	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xn
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	H20, H36/37/38
CAS	104-76-7	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, Bráð eit.4 - H332, SEM-VES 3 - H335			

1,3,5 Trímetylbensen			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi, N
EINECS, ELINECS	203-604-4	H-setningar	H10, H36/37/38, H51/53
CAS	-	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, SEM-VES 3 - H335, Langv.eit.á vatn H411			

1,2,3 Trímetylbensen			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi, N
EINECS, ELINECS	208-394-8	H-setningar	H10, H36/37/38, H51/53
CAS	-	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319			

Leysibensín (úr jarðolíu), þungt, arómatískt			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	N, Xn
EINECS, ELINECS	265-198-5	H-setningar	H36/38, H51/53, H65
CAS	-	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Ertandi, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 3 - H226, Eit.v.ásvelg.1 - H304, Augnert.2 - H319, Langv.eit.á vatn H411			

#### Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Veitið öndunaraðstoð, reynist það nauðsynlegt. Leitið lækni eða eitrunarmiðstöðvar.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni í amk 20 mín. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega.
Snerting við augu	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun.
Inntaka	Leitið lækni. Framkallið EKKI uppköst. Kasti hinn slasaði upp, haldið höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu. Einkenni lungnabólgu geta komið fram mörgun klst eftir að efnið berst í lungu (ásvelging).
Til hjálparliða	Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónuhlífar. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið.

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Einkennum gæti seinkað. Sjá lið 11.

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniútmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Leitið lækni hjálpar, sé vafi eða grunur um váhrif.

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, froða, slökkviduft, kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli, getur orsakað slettur og dreift eldi.

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast eittraðar og daunillar gufur. Gufa er þyngri en andrúmsloft og getur borist með gólfi eða jörð að íkveikjuvaldi. Umbúðir geta sprungið við hitun. Sjá einnig lið 10.

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Beitið einungis vatni sem úða við slökkvistörf. Vara flýtur á vatnsyfirborði. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægjið eld- og neistagjafa sé það unnt. Varan getur myndað hálkubletti. Notið viðeigandi persónuhlífar. Sjá liði 5 og 8.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efni berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Vara flýtur á vatnsyfirborði.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Notið neistafrí áhöld. Notið ísogsefni svo sem sand eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggjið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnni. Jarðtengið þegar vara er flutt milli íláta. Notið neistafrí áhöld. Notið ekki raftæki sem mynda neista á vinnusvæði. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar. Meðhöndlið ekki vöruna við hitastig yfir 60°C.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri, beinu sólarljósi, háu hitastigi, eld- og neistagjöfum. Geymið fjarri oxurum og örðum ósamrýmanlegum efnum. Geymsluhitastig <45°C.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Liggur ekki fyrir.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfærifreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
1,3,5 Trímetylbensen	20				Danmörk
Naftalen	10				Danmörk
1,2,4 trímetylbensen	20				Danmörk

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

#### Augnhlífar

#### Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Notið viðeigandi, efnabólna hlífðarhanska úr nítrilgúmmii eða PVA (pólývínýl alkóhól). PVA hentar þó ekki í snertingu við vatn. Ítarlegar prófanir hafa ekki farið fram á þoli hlífðarhanska gagnvart vörunni. Aðrir þættir, t.d. hitastig, geta haft áhrif á endingartíma hanska.

Skíptið oft um hanska við vinnu með vöruna.

#### Húð - annað

#### Öndunarfæri

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir við miðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu með síu ætlaða lífrænum gufum.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Arómatísk
Litur:	Gulbrúnn
Blossamark:	66°C (PMCC)
Gufuþrýstingur:	0,00386 (psi 0°C) 0,01529 (psi 20°C) 0,04572 (psi 38°C)
Eðlismassi (15,6°C):	0,89-0,93 g/cm3
Leysni í vatni:	Óleysanlegt
Seigja:	31,1 cSt (-20°C) 13,7 cSt (0°C) 6 cSt (25°C) 1 cSt (100°C)

## 9.2 Aðrar upplýsingar:

Rennslismark

<-60°C

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Sjá liði 10.2 til 10.6

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður, og við hóflega hækkaðan hita.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Ekki vænst.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafir, oxandi efni.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast hættuleg niðurbrotsefni, kolefnisoxíð, aldehyð og hálfbrunnar efnaleifar.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

#### Bráð eiturrif:

Lubrizol 9041F	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>10000	mg/kg	rotta	Byggt á svipuðum efnum
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	kanína	Byggt á svipuðum efnum
Bráð eiturrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	>50	mg/L 4klst	rotta	Byggt á svipuðum efnum

#### Inntaka:

Samkvæmt tilraunum með svipuð efni, getur varan valdið ertingu í slímhúð meltingarfæra, ógleði, uppköstum, niðurgangi og kviðverkjum. Hætta á ásvelgingu við inntöku og við uppköst, með alvarlegum afleiðingum. Hætta á skaða á miðtaugakerfi.

#### Húð:

Samkvæmt tilraunum með svipuð efni, getur varan valdið ertingu í húð. Langvarandi eða endurtekin snerting, t.d. af votum fatnaði, getur valdið þurri og sprunginni húð. Einkenni geta verið roði, útbrot, þurrkur og sprungur, auk ertingar.

#### Innöndun:

Hér styrkur gufu getur valdið höfuðverk, svima, ógleði, meðvitundarleysi, og önnur áhrif á miðtaugakerfi sem leitt geta til sjóntruflana, öndunarerfiðleika og krampakasta.

#### Augu:

Samkvæmt tilraunum með svipuð efni, getur varan valdið verulegri ertingu í augum. Endurtekin váhrif af völdum naftalens geta valdið gláku.

#### Næming:

Upplýsingar liggja ekki fyrir um hugsanlega næmingu í húð eða öndunarfærum.

#### Krabbameinsvaldandi áhrif:

Tveggja ára tilraunir NTP (National Toxicology Program) hafa leitt í ljós hækkun á tíðni æxla í nefholi hjá rottum sem eru í snertingu við naftalen. Þetta efnasamband hefur verið flokkað af IARC (International Agency for Research of Cancer) sem hugsanlegur krabbameinsvaldur hjá fólki m.t.t. tilrauna á dýrum. Þessi vara inniheldur olíur sem eru mikið hreinsaðar og ekki taldar krabbameinsvaldar skv. IARC. Allar olíurnar innihalda <3% útdraganleg efni (IP 346).

#### Æxlunareiturrif:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi sem gefa til kynna að varan eða innihaldsefni í magni >0,1% geti valdið eiturrifum.

#### Langtímaeiturrif:

Endurtekin snerting við leysibensín getur valdið skaða á miðtaugakerfi. Endurtekin snerting við naftalen getur valdið eyðileggingu rauðra blóðkorna, sótthita, gulu og nýrna- og lungnaskaða. Endurtekin inntaka 2-etylhexanóls getur skaðað lifur og nýru.

Nafta (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	mús	
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	>5	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Engin erting			
Alvarlegur augnskaði		Engin erting			
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar visbendingar			
Stökkbreytingar gerla		Engar visbendingar			
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni		Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, truflanir á hjarta og æðakerfi, þreyta, erting í slímhúðum, magaverkir, ógleði, uppköst.			

1,2,4,- Trímetylbensen					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	18	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Affitar húð			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni	Sljóleiki, meðvitundarleysi, höfuðverkur, þreyta, svimi, ógleði.				

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

Lubrizol 9041F					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	1-10 mg/L		Fiskar	
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	1-10 mg/L	72 klst	Hryggleysingjar	
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	1-10 mg/L	72 klst	börungar	

Nafta (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	10-100mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	1-10 mg/l	48 klst	Daphnia	
Právirgni og niðurbrot		Brotnar treglega niður			

1,2,4,- Trímetylbensen					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	7,72 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	3,6 mg/l	48 klst	Daphnia	

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

**Vara** Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

**Óhreinar umbúðir** Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

## 14. Upplýsingar um flutninga

### ADR:

**UN Númer** 3082

**Efnisheiti v. flutninga:** ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID, N.O.S. (NAPHTHALENE, PETROLEUM NAPHTHA)

**Hættuflokkur:** 9

**Hættuundirflokkur:** -

**Pökkunarflokkur:** III

**Mengunarhætta:** Já

Varúðarmerking



### IATA:

**UN Númer** 3082

**Efnisheiti v. flutninga:** ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID, N.O.S. (NAPHTHALENE, PETROLEUM NAPHTHA)

**Hættuflokkur:** 9

**Pökkunarflokkur:** III

**Mengunarhætta:** Já



### IMDG:

**UN Númer** 3082

**Efnisheiti v. flutninga:** ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID, N.O.S. (NAPHTHALENE, PETROLEUM NAPHTHA)

**Hættuflokkur:** 9

**Pökkunarflokkur:** III

**EMS:** -

**Sjávarmengandi:** Já



---

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

---

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

---

## 16. Aðrar upplýsingar

---

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H226	Eldfimur vökvi og gufa
H228	Eldfimt fast efni
H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H332	Hættulegt við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H351	Grunað um að valda krabbameini
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum
H411	Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum

Útgáfa: 3  
Dags: 19.01.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **THE LUBRIZOL CORPORATION**  
**SAFETY DATA SHEET**  
**LUBRIZOL 9041F**  
Útgáfa: 10.09.2015